



100. stjórnarfundur

Dagsetning	30.4.2026
Tími	15:00
Fundi lauk	16:10
Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Einar Jón Pálsson, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, og Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

Forföll: Sigursveinn Bjarni Jónsson.

Gestir: Kristján Þór Ragnarsson

Dagskrá fundar

1. Ársreikningur Brunavarna Suðurnesja bs 1
2. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
3. Staða fjármála 2
4. Nýtt skipurit bs 2
5. Sjúkraflutningar flugstöð 2
6. Sjúkraflutningar á suðurnesjum 2
7. Endurnýjun á samningi um Brunavarnir Suðurnesja bs 2
8. Önnur mál 2

Fundagerð

1. Ársreikningur Brunavarna Suðurnesja bs

Kristján frá Deloitte kemur á fundinn og fer yfir endurskoðaðan ársreikning Brunavarna Suðurnesja bs.

Ársreikningur lagður fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

2. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fer yfir verkefni í síðasta mánuði. Sjúkraflutningar voru 342 í mars 2026 á móti 322 frá árinu 2025. Útköll hjá slökkviliði voru 17 í mars 2026 á móti 22 frá árinu 2025.

Þjálfunarbúðir reykafara hafa verið í gangi í apríl. Er þetta nýtt verkefni en allir reykafarar BS þurfa að mæta í 3 daga verkefni. Hefur þetta lukkast mjög vel en síðasta vaktin var að klára þjálfunardaga sína.

Slökkviliðsstjóri fer yfir slökkviliðsstjóraþing sem haldið var í Stykkishólmi í apríl. Þar var m.a. fjallað um vegvísí slökkviliða sem HMS er að klára og verður formlega birtur 20.05.2026.



3. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.

Staða fjármála er góð.

4. Nýtt skipurit bs

Slökkviliðsstjóri fer yfir nýtt skipurit Brunavarna Suðurnesja bs. og fjárhagshlið í tengslum við það. Málinu frestað til næsta fundar

5. Sjúkraflutningar flugstöð

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn nýja samantekt um sjúkraflutninga í tengslum við flugstöð og aukið umfang í tengslum við flugstöðina.

6. Sjúkraflutningar á Suðurnesjum

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn þá vinnu sem hafin er við að meta raunkostnað sjúkraflutninga á Suðurnesjum. Samið hefur verið við Deloitte að framkvæma þá vinnu. Samkvæmt útreikningum slökkviliðsstjóra er ljóst að sveitarfélög eru að borga með þessari þjónustu og því sé nauðsynlegt að fá skýrslu um nákvæma stöðu mála.

7. Endurnýjun á samningi um Brunavarnir Suðurnesja bs

Stjórnarformaður BS leggur fram endurorðaðan samning um Brunavarnir Suðurnesja. Eldri samningur var orðinn úreltur þar sem sameining hefur orðið hjá sveitarfélögum, Einnig er lögð til breyting á útreikningum á mánaðarframlögum.

Málinu frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl.16:10.